

Fimmtudaginn 23. nóvember 1989.

Nr. 248/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Hannesi Ragnari Franzsyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsmeiðing. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, bar ákærði við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann myndi lítið sem ekkert um atburði aðfaranótt 3. október 1987, eftir að hann hefði fallið í gólf og fengið áverka á enni. Kvaðst hann ekki geta sagt af eða á um kæru K eða vefengt hana. Fyrir dómi bar hann einnig við minnisleysi, en neitaði öllum sakargiftum.

Skýrslum þeirra þriggja vitna, er ræddu hvert fyrir sig við K fyrrgreinda nótt eftir ætluð átök þeirra ákærða og raktar eru í héraðsdómi, ber saman um frásögn hennar og ástand og verða taldar framburði hennar til styrkingar. Sérstaka þýðingu hefur hér framburður vitnisins A, leigubifreiðarstjóra, sem kvaddur var að heimili ákærða þessa nótt til að sækja K. Kvað vitnið hana hafa verið mjög miður sín og í uppnámi. Hafi hún sagt, að ákærði, sem er föðurbróðir vitnisins, hafi ráðist á sig. Virtist vitninu hún vera mjög ráðalaus um það, hvað hún ætti að gera í málinu.

Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar læknis um skoðun á K samdægurs styður og frásögn hennar um atburði næturinnar.

Enda þótt skýrslu rannsóknarlögreglumannanna Haralds Sigurðssonar og Björgvins Björgvinssonar um orð ákærða í lögreglubifreið eftir handtöku, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, verði ekki jafnað til venjubundinnar lögregluskýrslu um sönnunargildi, er hún þó til styrktar öðru, sem fram er komið í málinu um átök milli ákærða og K. Þegar á allt þetta er lítið, þykir bera að staðfesta sakarmat

héraðsdómara. Með hliðsjón af þeim læknisfræðilegu gögnum, sem rakin eru í héraðsdómi um afleiðingar árásar ákærða, þykir hann hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en í héraðsdómi er tilvitnun í síðastgreind lög röng.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald fjóra mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í þrjú ár, svo sem héraðsdómari hefur gert.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Nokkrir hnökrar voru á frumrannsókn máls þessa, sem ber að átélja. Yfirheyrsla yfir ákærða dróst óhæfilega lengi, tæplega tvo og hálfan mánuð. Rétt hefði verið með hliðsjón af þeim framburði K, að hún hefði slegið ákærða í höfuðið með vasa eða styttnu, að fá lækni til að skoða áverka þann, sem ákærði hafði fengið umrædda nótt á enni, eða hugsanlega aðra áverka á höfði hans. Þá fór rannsókn á fatnaði K ekki fram fyrr en eftir, að dómsmeðferð málsins hófst, enda þótt fatnaðurinn hefði verið afhentur rannsóknarlögreglu í upphafi rannsókna.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hannes Ragnar Franzson, sæti varðhaldi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudag 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur

í sakadómsmálinu nr. 223/1989: Ákærvaldið gegn Hannesi Ragnari Franzsyni, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 9. nóvember sl., á hendur ákærða, „Hannesi Ragnari Franzsyni yfirmatsmanni, Lambastekk 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. nóvember 1925, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 3. október 1987 á heimili sínu ráðist á K, fædda 1932, og misþyrmt henni með því að taka hana harkalegum tókum og hrinda henni til um íbúðina og í gólfið með þeim afleiðingum, að hún hlaut marblett yfir hægri kinnbeini, marblett og fleiður aftan við hægri eyra, marflekki á báða handleggi, báða fótleggi og upp eftir lærum og liðband innanvert á hægri hné tagnaði eða slitnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Málavextir.

Laugardag 3. október 1987 kl. 18.00 sneri K, fædd 1932, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar, sem gerst hefði á heimili hans nóttina áður á tímabilinu frá kl. 3.00 til kl. 4.00.

Skýrði vitnið svo frá, að kvöldið áður hefði staðið yfir hóf hjá starfsmönnum hér í borg, en vitnið kvaðst vinna hjá þeirri stofnun með ákærða. Vitnið kvaðst hafa farið úr samkvæminu um kl. 1.00 ásamt þremur vinnufélögum sínum, ákærða, A og Á. Hefðu þau öll farið inn í sömu leigubifreið, og kvaðst vitnið hafa ætlað heim til sín. Hefði ákærði sest í framsæti bifreiðarinnar og beðið leigubifreiðarstjórnann að aka heim til sín að hér í borg. Er þangað var komið, vildi ákærði, að þau kæmu öll inn, og varð það úr, að vitnið, A og ákærði fóru út úr bifreiðinni, en Á ekki. Fóru vitnið og A inn með ákærða, sem bauð upp á áfengi. Dvöldust vitnið og A smástund í stofunni, meðan beðið var eftir leigubifreið, sem vitnið kvað hafa verið búíð að biðja um. Fullyrti ákærði, að leigubifreið sú, sem hafði verið pöntuð, væri farin. Stóð A þá upp og gekk út úr stofunni, og hélt vitnið þá, að hún ætlaði að hringja á aðra leigubifreið. Sat vitnið því áfram í stofunni. Vitnið varð ekki vart við, er A hvarf úr húsinu, en ákærði upplýsti vitnið um það. Bað vitnið ákærða að hringja á leigubifreið, en hann neitaði því og fór í staðinn að leita á vitnið, sem sat þá í stofunni, með því að setja höndina undir pilsíð, sem vitnið var í, og káfa á klofi þess. Reif ákærði vitnið úr sokkabuxum þeim, sem það var í. Vitnið barðist um og reyndi að losa sig, en ákærði hélt því með annarri hendi og káfaði á því með hinni. Vitnið taldi, að ákærði hefði náð

að koma með fingurna að kynfærum sínum, þar sem vitnið var mjög aumt þar, er yfirheyrsla fór fram. Vitnið náði að losa sig úr stólnum, sem það sat í, en ákærði hrinti því þá inn í svefnherbergi. Þar losnaði vitnið frá ákærða og komst aftur inn í stofu, þar sem ákærði náði vitninu aftur og hrinti því í gólfið. Lenti vitnið á bakinu, og lagðist ákærði ofan á það. Vitnið barðist um og kallaði á hjálp, en það bar ekki árangur. Er vitnið lá þarna, náði það að teygja hægri hönd í vasa eða stytta, sem stóð á litlu borði, og slá ákærða í höfuðið. Við þetta komst vitnið undan ákærða og skreið eftir stofugólfinu fram í forstofu, stóð þar upp og hringdi í S, systur sína. Bað vitnið hana að kanna, hvar ákærði ætti heima, þar eð vitnið gat ekki lesið í símaskrá, vegna þess að það var ekki með gleraugu. Er S var búin að þessu, hringdi vitnið á leigubifreið frá Hreyfli. Meðan vitnið beið eftir henni, fór það inn í stofuna til að taka saman dót sitt, og sá það þá, hvar ákærði sat þar á stól og virtist sofa. Tók vitnið dót sitt saman, en það var þá komið úr báðum skóm og einnig sokkabuxum. Taldi vitnið báða skóna hafa farið af sér, er ákærði reif af því sokkabuxurnar. Kom leigubifreið stuttu síðar, og fór vitnið inn í hana. Vitnið kvaddi lögreglu ekki til, þar sem það var í miklu „sjokki“, og var því efst í huga að komast strax heim. Vitnið kvaðst hafa sagt leigubifreiðarstjóranum, hvaða maður hefði ráðist á sig og gert tilraun til nauðgunar. Kannaðist leigubifreiðarstjórinn við ákærða og var alveg gáttaður á, að hann skyldi haga sér svona.

Vitnið kvað engan fatnað hafa rifnað nema sokkabuxur, og faldur á pilsí hefði losnað að framanverðu. Kvað vitnið ákærða ekki hafa farið úr neinum fötum, meðan á átökunum hefði staðið.

Vitnið kvaðst hafa verið nokkuð ölvað, en ekki svo, að það vissi ekki, hvað gerst hefði heima hjá ákærða.

Vitnið kvaðst hafa farið á slysadeild Borgarspítalans eftir hádegi sama dag og yfirheyrslan fór fram, þar sem vitnið var með mikinn verk í hægra fæti og auk þess marið og blátt um allan líkamann.

Við meðferð málsins skýrði vitnið frá í meginatriðum á sama veg. Vitnið kvað sig og ákærða hafa setið og spjallað saman, eftir að A var farin. Er vitnið hefði sýnt á sér fararsnið og beðið ákærða að hringja á leigubifreið, hefði engum togum skipt, að ákærði réðst á vitnið og ýtti því niður í stól og fór höndum um það, greinilega í kynferðislegum tilgangi. Brást vitnið til varnar, og barst leikurinn um stofugólfið og inn í herbergi. Komst vitnið þaðan inn í stofu, þar sem ákærði náði því aftur og skellti því í gólfið. Fann vitnið þá eitthvað breyta í hægra hné. Hélt ákærði vitninu með annarri hendi og hafði tilburði til að afklæða sig, er vitnið kom auga á vasa eða stytta, sem það greip og náði að slá ákærða með í höfuðið. Virtist ákærði vankast við þetta, svo að vitnið komst undan honum. Vitnið staulaðist á fætur, en fann strax fyrir miklum sársauka í hnénu.

Vitnið kvaðst hafa reynt að hrópa á hjálp, en kvað sér liggja lágt rómur. Vissi vitnið, að barnabarn ákærða var í húsinu, en varð aldrei vart við það, eftir að átökin hófust.

Kl. 11.00 daginn eftir, að mál þetta var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins, fóru rannsóknarlögreglumennirnir Björgvin Björgvinsson og Haraldur Sigurðsson á heimili ákærða í því skyni að handtaka hann. Segir í skýrslu þeirra um handtökuna, að ákærði hafi viðurkennt í lögreglubifreiðinni að hafa lent í átökum við K á heimili sínu umrædda nótt, er þau voru orðin tvö eftir. Var ákærði með áverka á enni, sem hann sagðist ekki muna eftir að hafa fengið, en bar við mikilli ölvun og kenndi því um, hvernig komið væri fyrir sér.

Í skýrslunni segir síðan, að ákærði hafi óskað eftir að fá að ræða einslega við yfirmann rannsóknarlögreglunnar, áður en yfirheyrsla yfir sér hæfist, og hafi það verið heimilað. Hafi ákærði rætt við Þóri Oddsson vararannsóknarlögreglustjóra, og að því loknu hafi ákærða verið ekið heim til sín og yfirheyrslu frestað.

Ákærði var ekki yfirheyrður fyrr en 10. desember sama ár. Kvaðst ákærði hafa tekið þátt í gleðskap hjá umrætt kvöld. Hefði verið setið að drykkju fram eftir kvöldi og hann drukkið talsvert og K einnig. Um kl. 23.00 hefðu svo ákærði, K, A og Á farið heim til ákærða í leigubifreið. Hefðu ákærði, A og K farið þar inn. Ákærði kvaðst hafa tekið þar upp vodkaflösku og skenkt þeim í glös. A hefði síðan farið snemma, þar sem hún hefði átt að fara í flug daginn eftir. Eftir að A var farin, kvað ákærði sig og K hafa setið saman „að drykkju og duflí“. Mundi ákærði svo óljóst, að hann hefði dottið og hruflast á enni. Eftir það kvaðst ákærði ekki muna neitt, og væri um algert „black out“ að ræða hjá sér eftir það, þar til hann vaknaði um kl. 9.00 morguninn eftir, sitjandi í stofunni. Voru þá glös á borði og hálf flaska einnig. Kvað ákærði hið eina, sem úrskaiðis hefði farið, hafa verið öskubakka, sem legið hefði á gólfinu, og blómaskreytingu, sem dottið hefði á gólfið. Kvað ákærði ekkert hafa verið á sér að sjá fyrir utan rispu á enni eftir fallið.

Ákærði kvaðst hvorki geta sagt af né á um kærana eða vefengt nokkuð, þar eð hann myndi ekki neitt.

Við meðferð málsins neitaði ákærði sakargiftum. Kvað hann þau K hafa sest að drykkju, eftir að A var farin. Þau hefðu drukkið mikið og vel farið á með þeim. Kvaðst hann muna það síðast eftir sér um nóttina, að hann hefði verið að ganga um gólf í stofunni og hrasað og dottið á arin þar með þeim afleiðingum, að hann hefði hruflast á enni og fengið kúlu á það. Kvaðst ákærði ekki muna, hvenær þetta var um nóttina, en kvaðst eftir þetta vera sleginn algjöru minnisleysi, þar til hann vaknaði seint um morguninn. Ákærði upplýsti, að hann væri 1,89 m á hæð og 98 kg.

Vitnið A kveðst hafa farið inn á heimili ákærða ásamt honum og K eftir gleðskapinn hjá greint sinn. Kveður vitnið ákærða hafa lagt hart að þeim K að koma aðeins með sér inn. Vitnið kveður þetta hafa verið um miðnætti. Kveðst það hafa farið fljótlega aftur og ekki þegið áfengi, sem ákærði hafi boðið. Kveður vitnið K ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, en ákærða verið orðinn „ansi hífaðan“.

Vitnið T kveðst hafa komið heim til afa síns, ákærða í málinu, um miðnætti eða laust eftir það umrætt sinn, og kveður vitnið hafa verið þar, auk ákærða, tvær konur, sem vitnið hafi heilsað, en ekki rætt frekar við. Kveður vitnið, að ákærði og önnur konan, sem hafi verið með gleraugu, hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum, en hin konan ekki eins mikið. Vitnið kveðst hafa horft á myndband til klukkan rúmlega 2.00 ásamt tveimur kunningjum sínum, en að því loknu fylgt þeim til dyra og farið að sofa. Áður kveðst vitnið þó hafa gáð fram í stofuna og séð, hvar ákærði og önnur konan lágu á gólfinu, og hafi sér virst fara vel á með þeim. Hafi konan eitthvað fært sig til og gripið í stól, sem hafi dottið. Vitnið kveðst hafa vaknað einhvern tíma um nóttina, um klukkan 4.00, að vitnið hélt, til þess að fara á salerni, en ekkert athugað um ákærða og konuna þá. Kveðst vitnið svo hafa vaknað um hádegi og litið inn í herbergi ákærða og þá virst hann vera „skelþunnur“. Vitnið kveðst hafa farið fram í stofu og séð, hvar einn stóll var kominn á hliðina og öskubakki á gólfi. Þá hafi vindlingastubbar verið á teppinu og brunablettir í því.

Vitnið S, systir K, kveður systur sína hafa hringt til sín um klukkan 3.45 greinda nótt. Hafi það aldrei gerst, að hún hafi hringt í vitnið á þeim tíma sólarhrings. Hafi hún virst reið og í miklu uppnámi. Hún hafi sagst vera heima hjá ákærða, en ekki vita heimilisfang þar. Hafi hún sagt, að ákærði hefði ráðist á sig og reynt að nauðga sér, en hún slegið hann í höfuðið með stytta eða vasa. Lægi hann þarna í íbúðinni, en hún héldi, að hann væri ekki „dauður“. Vitnið kveðst hafa fundið, hvar ákærði ætti heima, og gefið systur sinni það upp. Kveðst vitnið hafa hringt til systur sinnar um hálfri klukkustund síðar og hún þá verið komin heim.

Davíð Bergmann Guðbjartsson lögreglumaður kveðst hafa verið að aka leigubifreið nefnda nótt. Kveðst vitnið hafa verið sent að um nóttina, en ekki muna, hvað klukkan hafi verið. Hafi kona komið út úr húsinu og sest upp í leigubifreiðina. Allt í einu hafi hún sagt: „Ég veit ekki, hvað ég á að gera, bílstjóri.“ Hafi hún síðan skýrt frá, að ákærði, sem er föðurbróðir vitnisins, hefði ráðist á sig og beitt sig órétti. Jafnframt hafi hún sagt, að hann væri vinnufélagi sinn, og þess vegna væri erfitt fyrir sig að gera eitthvað í málinu til að fá hlut sinn réttan. Kveður vitnið sér hafa virst konan vera mjög ráðalaus um það, hvað hún ætti að gera. Hafi vitnið bent henni á, að vitnið væri ekki réttur aðili til að ráðleggja henni, en lagt

til, að hún færi heim og hugsaði málið, en jafnframt bent henni á að draga ekki lengi að kæra, ef hún ætlaði sér það. Kveðst vitnið hafa ekið konunni heim til hennar að.....í Kópavogi. Vitnið kveðst enga áverka hafa séð á henni, en hárið hafi verið úfið og það ekki leynt sér, að hún var í miklu uppnámi og miður sín. Kveðst vitnið hafa bent henni á að fara upp á slysadeild, ef hún fengi einhverja áverka, og láta skoða þá. Hafi vitninu virst ráðaleysi konunnar svo mikið og hún svo miður sín, að sér hafi borið skylda til að aðstoða hana eitthvað og gert það á framangreindan hátt.

Vitnið M, dóttir K, kveðst hafa vaknað við mannamál umrædda nótt, sennilega milli klukkan 4.00 og 5.00. Kveðst vitnið hafa farið fram og séð, hvar móðir þess var að tala við sjálfa sig. Hafi hún virst mjög miður sín og vera að reyna að hugga sig. Hafi hún stuðst við dyrastaf og haltrað á móti vitninu. Kveðst vitnið hafa spurt, hvort hún væri hölt, og hún þá sagt, að ráðist hefði verið á sig og reynt að nauðga sér. Hafi hún nefnt ákærða á nafn í því sambandi. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki áberandi ölvuð. Hafi hún fljótlega lagst til svefns og haft á orði, að hún vonaðist til að verða betri í fætinum sem og andlega. Kveðst vitnið hafa rætt við móður sína aftur milli klukkan 9.00 og 10.00 um morguninn og þá heyrt, að hún var að stynja og kveinka sér. Hafi hún kvartað undan miklum sársauka í hné og sagst varla geta hreyft það. Vitnið kveðst hafa farið til vinnu eftir þetta, en áður hafi það gefið móður sinni svefntöflu, þar sem hún hafi sagt, að hún hefði sofið illa. Vitnið kveðst hafa komið úr vinnunni klukkan 14.00 og liðan móður sinnar þá verið mjög slæm. Kveðst vitnið þá hafa hringt eftir sjúkrabífreidi og farið með móður sína á slysadeild Borgarspítalans.

Vitnið H kveður K hafa haft samband við sig daginn eftir umræddan atburð og skýrt vitninu frá málavöxtum. Ákærði hafi svo rætt við vitnið næsta dag og greint frá málavöxtum frá sínum bæjardyrum séð. Hafi ákærði borið við minnisleysi, en sagst ekki skilja, að átök hefðu orðið, þar sem tveir piltar, sem staddir hefðu verið í húsinu, hefðu einskis orðið varir. Auk þess hafi lítil sem engin ummerki verið um slíkt. Vitnið kveður, að er það hafi rætt við ákærða, hafi hann verið með áverka á enni, sem hefði stemmt við lýsingu K á því, að hún hefði náð að berja hann í höfuðið með einhverjum hlut.

Vitnið Haraldur Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa farið á heimili ákærða sunnudag 4. október 1987 ásamt Björgvin Björgvinssyni, starfsbróður vitnisins. Þar hafi ákærði verið handtekinn og færður til skýrslutöku, eftir að honum hafði verið kynnt tilefni handtökunnar. Hafi ákærði skýrt lögreglumönnum frá því í lögreglubífreidinni að fyrri bragði, að hann hefði lent í átökum við K á heimili sínu greinda nótt, eftir að þau hefðu verið orðin tvö ein eftir. Kveðst vitnið muna, að ákærði hafi

verið hruflaður á enni, er það hafði afskipti af honum. Er komið hafi verið á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, hafi ákærði viljað fá að ræða við yfirmann þann, sem hafi verið á vakt. Það hafi verið leyft, og að því loknu hafi ákærða verið sleppt og ekið aftur heim.

Vitnið Björgvin Björgvinsson rannsóknarlögreglumaður kannast við að hafa farið á heimili ákærða greint sinn ásamt Haraldi Sigurðssyni. Þar hafi ákærði verið handtekinn, eftir að honum hafði verið kynnt kærán. Í lögreglubífreiddinni hafi ákærði nefnt, að hann hefði lent í átökum við konuna, og jafnframt spurt, hvort hún væri illa farin. Kveðst vitnið muna, að ákærði hafi verið með einhvern áverka á enni. Ákærði hafi beðið um að fá að ræða við yfirmann rannsóknarlögreglunnar. Það hafi verið fúslega leyft og ákærða sleppt eftir það.

Vitnið Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri kannast við að hafa rætt einslega við ákærða í skrifstofu sinni 4. október 1987. Kveðst vitnið muna eftir því, að ákærði hafi skýrt sér frá því, að kærandi málsins væri samstarfsmaður sinn. Jafnframt hafi ákærði greint frá því, að eiginkona sín hefði verið á spítala og komið heim um helgina. Hafi ákærði sagst vera miður sín og spurt, hvort möguleiki væri á, að yfirheyrslu yfir sér yrði frestað, meðan gerð yrði tilraun til að leysa málið milli sín og kæranda. Kveðst vitnið hafa ákveðið að fresta yfirheyrslunni, eftir að lögreglumaður kæranda hafi lýst sig fylgjandi því, meðan leitað yrði sátta.

Við meðferð málsins kom fram, að fót K voru tekin í vörslur rannsóknarlögreglunnar við upphaf rannsóknar málsins. Að fyrirlagi dómsins fór fram rannsókn á fötum hennar. Voru teknar ljósmyndir af þeim og skýrsla gerð um rannsóknina. Segir um rannsóknina í skýrslunni, sem dagsett er 15. desember sl., að faldur á pilsu hafi verið rifinn á 14 cm löngum kafla að aftan, vinstra megin við klauf. Slettur hafi verið í þrónapeysu á hægri ermi við olnboga og rifa og lykkjufall á nælonsokkabuxum frá streng og 35 cm niður hægra læri.

Svo sem áður greinir, fór K á slysaveðstofu Borgarspítalans daginn eftir dvöl sína á heimili ákærða. Segir svo í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar lækni, dagsettu 4. janúar 1988, um komu hennar þangað og eftirlit með henni eftir það til þess tíma, sem vottorðið er ritað:

„Þ. 3/10 1987 kl. 15.31 kom á slysaveildina kona, er kvaðst vera fyrrgreind K. Hún skýrir svo frá, að á milli kl. 3.00 og 4.00 nóttina áður hefði verið ráðist á sig og reynt að nauðga sér. Hún kvaðst hafa verið stödd í....í Breiðholti, en gat ekki tilgreint nákvæmlega, hvar hún var stödd í þeirri götu. Atvikum er ekki nánar lýst. Sjúkl. var almennt mjög miður sín. Hún kvartaði mest um verk í hægra hné og vinstri ökkla, en auk þess um eymsli og verki víðs vegar um líkamann.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Marblettur er yfir hægra kinnbeini og

einnig marblettur og fleiður aftan við hægri eyra. Marflekki voru á báðum framhandleggjum, einnig útbreiddir marflekki á báðum fótleggjum og upp eftir lærum innanverðum. Mikil eymsli voru innanvert á hægri hné, og utanvert á vinstri ökkla var aumur blámarflekki. Vegna sársauka gat sjúkl. ekki rétt að fullu úr hægri hné. Lítils háttar vökvi virtist í liðnum. Vegna eymslanna í hnénu einkanlega treysti sjúkl. sér ekki til að ganga óstuddur. Röntgenmyndir voru teknar af hægri hné og vinstri ökkla, og sáust ekki beináverkar á þessum myndum. Marblettirnir voru bláir og nýlegir að sjá og sýndust geta verið frá þeim tíma, sem sjúkl. tilgreindi.

Prýstingsumbúðir voru lagðar á hægri hné, og fór sjúkl. síðan heim, en var stefnt til eftirlits og frekara mats tveimur dögum síðar.

Hún kom 5/10 aftur á slysadeild og taldi þá, að verkirnir í hnénu hefðu farið dvínandi. Allar hreyfingar reyndust þó sárar í hnénu og veruleg eymsli innanvert á liðnum. Lítils háttar vökvasöfnun var einnig í honum. Svo virtist sem liðband innanvert í liðnum hefði tognað eða slitnað að einhverju leyti. Teygjuumbúðir voru aftur settar á hnéd og sjúkl. stefnt til endurkomu fimm dögum síðar. Ekki er í þetta sinn vikið að öðrum áverkum.

K kom næst á slysadeildina 9/10. Hún taldi, að eymslin í hægri hné hefðu farið heldur rénandi. Enn gekk hún þó draghólt, og eymslin voru svipuð innanvert á hægri hné, enn fremur eymsli í vinstri ökkla, en ekki fundust merki um, að liðbönd þar hefðu slitnað. Stungið var á hnénu og tæmdur út nokkur vökvi og síðan lagður gipshólkur á hnéd til stuðnings því.

Þ. 23/10 kom K næst á slysadeildina. Var gipshólkurinn þá fjarlægður, en þess í stað var sjúkl. ávísað spelkuumbúnaði, sem leyfir tilteknar hreyfingar í hnéliðnum. Enn voru eymsli innanvert á hné og ofurlítill vökvasöfnun í liðnum.

Næsta eftirlit fór fram 5/11. Eymslin í hnénu höfðu heldur farið rénandi, en þó engar meginbreytingar á orðið. Enn var hnéd aamt og með skerta hreyfigetu og nokkur vökvasöfnun í því.

Sjúkl. var stefnt til eftirlits þremur vikum síðar. Hún kom 26/11. Hún kvað liðanina í hnénu fara jafnt og þétt batnandi, kvartaði helst um, að hún þreyttist í hnénu á kvöldin og hámarkskrepping væri enn sár. K gekk núorðið óhólt á sléttu gólfi. Enn var væg vökvasöfnun í hnélið, og nokkur þreifíeymsli voru á hnénu innanverðu, svarandi til hliðarliðbandsins. Sjúkl. var látinn hætta að nota stuðningsspelkuna, en vísað í meðferð hjá sjúkrahjálfa.

Síðast kom K á slysadeild 21/12 sl. Hún kvaðst þá enn þreytast í hnénu við álag og finna fyrir nokkrum hreyfíeymslum, en lét a.ð.l. vel af liðan sinni. Eymsli voru ekki veruleg í hnénu lengur, en einkenni bentu til slaka á fremra krossbandi, og þótti sýnt, að það hefði tognað verulega eða

jafnvel slitnað í upphafi. Við þessu varð þó ekkert gert. Rétt þótti, að sjúkl. héldi áfram í meðferð hjá sjúkraþjálfara og kæmi a.m.k. einu sinni enn til eftirlits eftir áramótin. K gerði ráð fyrir að fara nú að vinna aftur.“

Læknirinn ritaði annað vottorð, sem dagsett er 5. júlí 1988, um afskipti sín af K, eftir að fyrra vottorð var ritað.

Segir svo í niðurlagi vottorðsins: „Með hliðsjón af óvissum orsökum verkjanna (í hnenu, innskot dómsins) hljóta batahorfur að teljast jafnvissar.“

Björn Önundarson tryggingalæknir gerði örorkumat á K, og er það dagsett 7. október sl. Var tímabundin örorka hennar metin hæfileg 100% í þrjá mánuði og 50% í fjóra mánuði. Varanleg örorka var metin 25% og þar af 10% vegna áverkans á hægri hnélíð.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann fyrir rúmu 41 ári dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til þjófnaðar. Hlaut hann náðun vegna þess dóms árið 1951 og hefur síðan ekki sætt öðrum refsingum vegna brota gegn almennum hegningarlögum.

Niðurstöður.

Þegar virtur er einarður framburður vitnisins K, læknisvottorð í málinu, örorkumat, skýrsla rannsóknarlögreglunnar um rifinn fatnað K og höfð er hliðsjón af framburði S, sem ræddi við K um kl. 3.45 um nóttina, framburði Davíðs Bergmanns Guðbjartssonar, sem lýst hefur því, að K hefði verið mjög miður sín, er vitnið ók henni heim til sín, framburði M, sem kveður K hafa haltrað á móti sér umrædda nótt, og framburði Haralds Sigurðssonar og Björgvins Björgvinssonar rannsóknarlögreglumanna, sem kveða ákærða hafa af sjálfsdáðum skýrt þeim frá, að hann hefði lent í átökum við K greinda nótt, og að lokum tekið mið af minnisleysi ákærða um atburði, verður að teljast sannað, að ákærði hafi misþyrmt K greint sinn með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir.

Þykir háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt ofangreindri lagagrein, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Rétt þykir þó með tilliti til þess, að rúmlega 41 ár er liðið, frá því að ákærði hlaut eina dóm sinn vegna hegningarlagabrots, að fresta fullnustu refsingar ákærða og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu

dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Ragnar Franzson, sæti varðhaldi tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 60.000,00 krónur.
